

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1983

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekin mjólkurprótín (kasín og kasínöt) sem ætluð eru til manneldis

(83/417/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

ræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda⁽⁴⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

Í því skyni að auðvelda viðskipti er rétt að samþykkja innan bandalagsins reglur um merkingu sem gilda um neysluhæf kasín og kasínöt sem eru ætluð til nota í atvinnuskyni.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

Í undirbúningsáætlun Efnahagsbandalags Evrópu varðandi neytendavernd og upplýsingastefnu⁽²⁾ er kveðið á um áætlun innan bandalagsins á sviðum sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir heilsuvernd neytenda og öryggi, einkum á sviði matvæla.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

Ákvörðun um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með samsetningu og öðrum eiginleikum vörunnar er um ræðir eru tæknilegar framkvæmdaráðstafanir og til að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í gildandi lögum og stjórnarsýslufyrirmælum í sumum aðildarríkjunum eru samsetningar- og framleiðslueiginleikar kasína og kasínata til manneldis skilgreindir og kveðið á um þau skilyrði sem þessar vorur verða að uppfylla til að heimilt sé að nota tiltekin heiti fyrir þau eða að heimilt sé að nota þau í tilreiðslu á öðrum matvælum. Sem stendur fyrirfinnast slík ákvæði ekki í öðrum aðildarríkjum.

Æskilegt er, í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni umboð til að koma reglum um matvæli í framkvæmd, að kveðið sé á um hvernig koma skuli á nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE⁽⁶⁾.

Þessi staða kann að hindra frjálsa flutninga kasína og kasínata sem ætluð eru til manneldis og leiða til ójafna samkeppnis skilyrða milli notenda. Þannig hefur hún bein áhrif á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

Því er nauðsynlegt að ákvarða reglur innan bandalagsins sem fylgja skal við samsetningu og merkingu á þessum vörum.

I. gr.

Sem stendur eru neysluhæf kasín og kasínöt ekki almennt seld til neytenda. Ef slík sala fer fram þá gildir einnig tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um sam-

1. Þessi tilskipun varðar mjólkurprótín, eins og þau eru skilgreind í viðaukanum, sem eru ætluð til manneldis og blöndur þeirra.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 50, 24. 2. 1979, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 140, 5. 6. 1979, bls. 174.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 247, 1. 10. 1979, bls. 54.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. C 92, 25. 4. 1975, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 291, 29. 11. 1969, bls. 9.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „kasín“: meginprótínþáttur mjólkur, þveginn og þurrkaður, óleysanlegur í vatni og fenginn úr undanrennu með útfellingu:

— með því að bæta við síru,

— eða með örverusýringu,

— eða með hleypi,

— eða með öðrum hvötum til að hleypa mjólkina,

með fyrirvara um hugsanlega undanfarandi beitingu jónaskipta- eða þykkingaraðferða;

— „kasínöt“: vörur fengnar með því að þurrka kasín sem eru meðhöndluð með hlutleysum,

— „undanrenna“: mjólk úr einni eða fleiri kúm án nokkurra viðbótaefna þar sem einungis fita hefur verið skilin frá.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

— vörurnar sem eru skilgreindar í viðaukunum séu ekki markaðssettar nema þær séu í samræmi við skilgreiningar og reglur þessarar tilskipunar og viðauka við hana, og

— vörurnar sem uppfylla ekki skilyrðin í viðaukunum hljóti heiti og séu merktar á þann hátt að ekki sé villt um fyrir kaupanda um gerð þeirra, gæði eða notkun.

3. gr.

Heitin sem um getur í viðaukunum skulu frátekin fyrir vörur sem þar eru skilgreindar og skulu notuð í viðskiptum til að tákna þær.

4. gr.

1. Með fyrirvara um tilskipun 79/112/EBE og með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið samþykkir varðandi merkingu matvæla sem eru ekki ætluð fyrir neytendur skulu einu upplýsingarnar sem skylt er að veita á umbúðum, flátum eða merkimiðum á þeim vörum sem um getur í viðaukunum vera þær sem hér fara á eftir og skulu þær vera áberandi, læsilegar og óafmáanlegar:

a) frátekna heitið fyrir þessar vörur í samræmi við 3. gr. ásamt, þegar um er að ræða kasínöt, upplýsingum um katjón eða -jónir;

b) þegar um er að ræða vörur sem eru markaðssettar sem blöndur;

— merkingin „blanda af ...“ ásamt heitunum á þeim ólíku vörum sem blandan er úr, í röð eftir minnkandi þyngd,

— upplýsingar um katjón eða -jónir þegar um er að ræða kasínat eða kasínöt,

— prótínnihaldið þegar um er að ræða blöndur með kasínötum;

c) nettómagn gefið upp í eftirfarandi massaeiningum: kílógrömmum eða grömmum. Allt til loka aðlögunartímabilsins, á meðan heimilt er að nota bresku mælieiningarnar í bandalaginu, samanber D-kafla í viðauka við tilskipun ráðsins 71/354/EBE frá 18. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um mælieiningar ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 76/770/EBE ⁽²⁾, geta Írland og Breska konungsríkið heimilað að magn sé aðeins gefið upp í breskum mælieiningum og reiknað út á grundvelli eftirfarandi breytistuðla:

— 1 ml = 0,0352 lagarúnsur (fluid ounces),

— 1 l = 1,760 hálfpottar (pints) eða 0,220 gallon (gallons),

— 1 g = 0,0353 únsur (avoirdupois),

— 1 kg = 2,205 pund (pounds);

d) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda eða þökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu;

þó er aðildarríkjunum heimilt, þegar um innanlandsframleiðslu er að ræða, að viðhalda innlendum ákvæðum þar sem krafist er nákvæmra upplýsinga um framleiðslu- eða þökkunarstöð;

e) upprunalandið ef um er að ræða vörur sem fluttar eru inn frá þriðju löndum;

f) framleiðsludagsetning eða upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á framleiðslulutuna.

2. Aðildarríkin skulu banna markaðssetningu á neysluhæfum kasínum og kasínötum á yfirráðasvæðum sínum ef upplýsingarnar sem um getur í a-, b-, e- og f-lið 1. mgr. eru

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 243, 29. 10. 1971, bls. 29.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 204.

ekki á tungumáli sem kaupandi hefur á valdi sínu, nema aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að kaupandi fái þessar upplýsingar á annan hátt. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að slíkar upplýsingar séu tilgreindar á fleiri en einu tungumáli.

Upplýsingarnar sem eru tilgreindar í þriðja undirlið b-liðar, c-, d-, og e-lið 1. mgr. þurfa aðeins að koma fram í fylgiskjölunum. Hvað varðar flutninga í stórum einingum er heimilt að láta þessa undanþágu einnig ná til annars undirliðar í b-lið og f-liðar.

5. gr.

Með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið samþykkir um hollustuhætti í tengslum við grunnefnið er um getur í I. og II. viðauka skal meðhöndla þessi efni með hitameðferð sem gerir fosfatasana óvirka.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting ósamhæfðra ákvæða í landslögum um samsetningu, framleiðsluforskriftir, umbúðir eða merkingar á þessum vörum sérstaklega, eða matvælum almennt, hindri ekki viðskipti með vörur sem um getur í 1. gr. og eru í samræmi við skilgreiningar og reglur í þessari tilskipun og viðauka við hana.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ósamhæfð ákvæði landslaga sem sett eru til þess að:

- vernda almannaeilbrigði,
- koma í veg fyrir svik, ef þau ákvæði hindra ekki að skilgreiningum og reglum sem kveðið er á um í tilskipun þessari sé beitt,
- vernda einkarétt á sviði iðnaðar og viðskipta, upplýsingar um uppruna og skráð heiti og til að koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni.

7. gr.

1. Hafi aðildarríki, vegna nýrra upplýsinga sem komið hafa fram eða vegna endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum frá því að þessi tilskipun var samþykkt, gild rök til að ætla að notkun eins eða fleiri efna sem um getur í I. og II. viðauka við hana í vörurnar sem þar eru skilgreindar eða að hámarks magn slíks efnis kunni að stofna heilsu manna

í hættu, jafnvel þótt í samræmi sé við ákvæði þessarar tilskipunar, er því heimilt að fella umrædd ákvæði tímabundið úr gildi eða takmarka beitingu þeirra á yfirráðasvæði sínu. Það skal þegar í stað tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna eins fljótt og unnt er þau rök sem hlutaðeigandi aðildarríki færir fram og hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um matvæli; hún skal skila álitu sínu án tafar og gera viðeigandi ráðstafanir.

3. Telji framkvæmdastjórnin breytingar á þessari tilskipun nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem minnst er á í 1. mgr. og til að tryggja almannaeilbrigði skal hún hefja þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 10. gr. í því augnamiði að samþykkja þær. Aðildarríkinu sem samþykkt hefur öryggisráðstafanir er heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa verið samþykktar.

8. gr.

Ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, skal samþykkja nauðsynleg hreinleikaskilyrði fyrir þau tæknilegu hjálpar efni sem um getur í viðaukunum.

9. gr.

Eftirfarandi skal ákvarðað í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr.:

- a) greiningaraðferðirnar sem eru nauðsynlegar vegna eftirlits með hreinleikaskilyrðunum sem um getur í 8. gr;
- b) sýnatöku- og greiningaraðferðirnar sem eru nauðsynlegar vegna eftirlits með samsetningu og framleiðsluforskriftum þegar vörurnar sem eru skilgreindar í viðaukunum eru framleiddar.

10. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE (hér á eftir kölluð „nefndin“), að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Framkvæmdastjórnin leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal sam-

þykkt með að minnsta kosti 45 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitni ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

11. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um vörur sem um getur í 1. gr. og eru ætlaðar til útflutnings til þriðju landa.

12. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar breytingar á lögum sínum til að fara að þessari tilskipun og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Lögum sem þannig er breytt skal beitt á þann hátt að:

- viðskipti með vörur sem eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði heimil eigi síðar en tveimur árum eftir birtingu hennar ⁽¹⁾,
- viðskipti með vörur sem ekki eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði bönnuð þremur árum eftir birtingu hennar.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1983.

Fyrir hönd ráðsins,

C. SIMITIS

forseti.

⁽¹⁾ Þessi tilskipun var birt aðildarríkjunum 2. ágúst 1983.

I. VIDAUKI

Neysluhæf kasín

I. HEITI OG SKILGREININGAR

- a) „*neysluhæf súr kasín*“: neysluhæf kasín fengin með útfellingu með því að nota tæknileg hjálparefni og bakteríuræktanir sem taldar eru upp í d-lið II. þáttar og eru í samræmi við staðlana í II. þætti.
- b) „*neysluhæfur kasínhleypir*“: neysluhæf kasín fengin með útfellingu með því að nota tæknileg hjálparefni sem talin eru upp í d-lið III. þáttar og eru í samræmi við staðlana í III. þætti.

II. STAÐLAR FYRIR „NEYSLUHÆF SÚR KASÍN“

a) Undirstöðupættir samsetningar

1. Hámarksrakainnihald	10,0%	miðað við þyngd
2. Lágmarksinnihald mjólkurprótíns reiknað út frá þurrkuðum útdrætti	90%	miðað við þyngd
þar af lágmarkskasíninnihald	95%	miðað við þyngd
3. Hámarksinnihald mjólkurfitu reiknað út frá þurrkuðum útdrætti	2,25%	miðað við þyngd
4. Hámark títranlegs sýrustígs, gefið upp í ml 0,1 N natríum-hýdroxíðslausn á gramm	0,27	
5. Hámarksöskuinnihald (þar með talið P ₂ O ₅)	2,5 %	miðað við þyngd
6. Hámarksinnihald vatnsfirrts laktósa	1 %	miðað við þyngd
7. Hámarksinnihald botnfallsefna (brenndar agnir)	22,5 mg	í 25 g

b) Aðskotaefni

Hámarksblyinnihald	1 mg/kg
--------------------	---------

c) Óhreinindi

Framandi efni (svo sem viður eða málmagnir, hár eða skordýrahlutar)	ekki í 25 g
---	-------------

d) Hættulaus tæknileg hjálparefni og bakteríuræktanir sem henta í matvæli

- i) — mjólkursýra (E 270)
- saltsýra
 - brennisteinssýra
 - sítrónusýra (E 330)
 - ediksýra (E 260)
 - ortófosfórsýra
- ii) — mysa
- bakteríuræktanir til að framleiða mjólkursýru

e) Skynrænir eiginleikar

1. *Lykt*: Engin framandi lykt.
2. *Útlit*: Litur frá hvítum lit út í rjómagulan lit; varan má ekki innihalda neina kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.

III. STAÐLAR FYRIR „NEYSLUHÆFAN KASÍNHLÉYPI“

a) **Undirstöðþættir samsetningar**

1. Hámarksrakainnihald	10 %	m/m
2. Lágmarksinnihald mjólkurprótíns reiknað út frá þurrkuðum útdrætti	84%	miðað við þyngd
þar af lágmarkskasíninnihald	95%	miðað við þyngd
3. Hámarksinnihald mjólkurfitu reiknað út frá þurrkuðum útdrætti	2%	miðað við þyngd
4. Lágmarksöskuinnihald (þar með talið P ₂ O ₅)	7,50 %	miðað við þyngd
5. Hámarksinnihald vatnsfirrts laktósa	1 %	miðað við þyngd
6. Hámarksinnihald botnfallsefna (brenndar agnir)	22,5 mg	í 25 g

b) **Aðskotaefni**

Hámarksblýinnihald	1 mg/kg
--------------------	---------

c) **Óhreinindi**

Framandi efni (svo sem viður eða málmagnir, hár eða skordýrahlutar)	ekkert í 25 g
---	---------------

d) **Hættulaus tæknileg hjálparefni sem henta í matvæli**

- hleypir
- aðrir hvatar til að hleypa mjólk

e) **Skynrænir eiginleikar**

1. *Lykt*: Engin framandi lykt.
2. *Útlit*: Litur frá hvítum lit út í rjómagulan lit; varan má ekki innihalda neina kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.

II. VIÐAUKI

NEYSLUHÆF KASÍNÖT

I. HEITI OG SKILGREININGAR

„neysluhæf kasínöt“: kasínöt sem fengin eru úr neysluhæfum kasínum með því að nota neysluhæfa hlutleysa sem taldir eru upp í d-lið II. þáttar og eru í samræmi við staðlana í II. þætti.

II. STAÐLAR FYRIR „NEYSLUHÆF KASÍNÖT“

a) Undirstöðubættir samsetningar

1. Hámarksrakainnihald	8 %	miðað við þyngd
2. Lágmarksinnihald mjólkurprótíns reiknað út frá þurrkuðum útdrætti	88%	miðað við þyngd
3. Hámarksinnihald mjólkurfitu reiknað út frá þurrkuðum útdrætti	2,0%	miðað við þyngd
4. Hámarksinnihald vatnsfirrts laktósa	1%	miðað við þyngd
5. pH gildi	6,0 til 8,0	
6. Hámarksinnihald botnfallsefna (brenndar agnir)	22,5 mg	í 25 g

b) Aðskotaefni

Hámarksblýinnihald 1 mg/kg

c) Óhreinindi

Framandi efni (svo sem viður eða málmagnir, hár eða skordýrahlutar) ekkert í 25 g

d) Tæknileg neysluhæf hjálparefni

(efni sem nota má til að hlutleysa með og stuðprúðaeefni)

hýdroxíð	}	af	natríum
karbónöt			kalíum
fosföt			kalsíum
sítröt			ammóníum
			magníum

e) Skynrænir eiginleikar

1. *Lykt:* Mjög dauf framandi lykt.
2. *Útlit:* Litur frá hvítum lit út í rjómagulan lit; varan má ekki innihalda neina kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.
3. *Leysni:* Næstum því fullleysanleg í eimuðu vatni, nema þegar um er að ræða kalsíumkasínöt.